



FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 5. nóvember 2014 haldinn í fundarsal, Hnjúkabyggð 33.

Dagskrá:

1. Samvinna / samskipti við fræðslustjóra
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

Formaður nefndarinnar setti fundinn og bauð alla velkomna.

1. Harpa Hermannsdóttir sagði okkur frá hlutverki fræðslustjóra.

Fræðslustjóri:

- veitir ráðgjöf við skólastarf
- tekur þátt í teymisvinnu og í samstarfi heimilis, nemenda og skóla.
- sér um skipulag og eftirlit með sérfræðiþjónustu t.d. við talmeinafræðinga, geðlækna o.s.frv.
- veitir stjórnendum skóla ráðgjöf
- sér um endurmenntun og þróunarverkefni á vegum skólanna
- tekur þátt í þverfaglegri vinnu varðandi málefni barna sem koma inn á borð félagsþjónustu
- fylgist með að farið sé eftir lögum og reglum menntastofnana

Ef það kemur upp óánægja innan skólans er ferlið þannig að fyrst er leytað til umsjónarkennara, síðan til skólastjóra eftir það er hægt að leyta til fræðslustjóra. Eftir það gæti málum verið vísað áfram t.d. til fræðslunefndar eða annarra aðila, s.s. sérfræðinga.



Skoðum eineltisáætlun Blönduskóla og ræddum.

Ræddum líka hlutverk Nemendaverndarráðs.

Harpa hvatti nefndina til að dreifa jákvæðni um skólamál og muna að tala um það sem vel er gert.

2. Anna Kristín formaður lagði fram þá tillögu að við í nefndinni færum yfir upplýsingar á heimasíðu Blönduós bæjar varðandi skólamál og kanna hvort þær samræmist ekki upplýsingum skólanna.

Helgi varpaði fram þeirri spurningu hvernig forvarnarmálum væri háttað – var ákveðið að kynna sér það nánar.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Anna Kristín Davíðsdóttir

Helgi Haraldsson

Guðmundur Arnar Sigurjónsson

Kristín Jóna Sigurðardóttir